



SAMBAND ÍSLENSKRA MYNDLISTARMANNA
THE ASSOCIATION OF ICELANDIC VISUAL ARTISTS

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofa nefndasviðs,
Austurstræti,
101 Reykjavík

Reykjavík 4. apríl 2017.

Umsögn um þingsmál á þingskjali 202 – 143. mál.

SÍM - Samband íslenskra myndlistarmanna tekur heilshugar undir með flutningsmönnum tillögunnar að brýnt sé að fundið verði framtíðarhúsnæði fyrir Listaháskóla Íslands hið allra fyrsta og hafist verði handa við að flytja starfsemi sviðslistadeildar og tónlistardeildar úr ófullnægjandi húsnæði við Sölvhólsgötu. Það liggur fyrir að núverandi aðstaða skólans hamlar eðlilegri þróun náms í listum á háskólastigi, sem gengur þvert á menningarstefnu sem Alþingi samþykkti í mars 2013, en þar er kveðið á um eflingu listkennslu á öllum skólastigum og áframhaldandi uppbyggingu háskólanáms og rannsókna á sviði menningar og lista.

Það er mat fagfélaga listafólks að stjórnvöld hafi ekki sinnt skyldum sínum við nemendur Listaháskóla Íslands hvað húsnæðismál varðar og vill nota þetta tækifæri til að hvetja alþingismenn til að beita sér í málinu, ekki síst í ljósi þess að starfsemi skólans og námið sem hann býður nemendum sínum fékk hæstu mögulegu einkunn í gæðaúttekt gæðaráðs íslenskra háskóla 2015:

<http://www.lhi.is/sites/lhi.is/files/atoms/files/iaa-report-final.pdf>

Það er mat stjórnar SÍM að brýnt sé að stjórnvöld setji hið allra fyrsta fram raunhæfa áætlun um lausn á þessum alvarlega húsnæðisvanda LHÍ. Við gerum okkur jafnframt grein fyrir því að fjármunir til þessa viðamikla verkefnis þurfa að vera markaðir í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar, en í þeirri áætlun sem kynnt var fyrir fáum dögum er ekki að sjá merki um að verkefnið sé dagskrá á næstunni. Það er miður og hvetur SÍM Alþingi til að beita sér fyrir því í umræðum um fjármálaáætlun að tryggðir verði fjármunir til úrlausnar þeim vanda sem við blasir og þingsályktunartillagan á þingskjali 202 fjallar um.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar SÍM – Sambands íslenskra myndlistarmanna

Jóna Hlíf Halldórsdóttir, formaður